



Fréttatilkynning

11 July 2025 16:31:00 GMT

Arion banki: Niðurstöður könnunar- og matsferlis fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (SREP)

Viðbótareiginfjárkrafa Arion banka undir stoð II (e. Pillar II) er 1,9% frá og með 30. júní 2025 sem er hækkun sem nemur 0,1 prósentustigi frá fyrra ári.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands leggur mat á áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) og með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar þá í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem metin eru kerfislega mikilvæg fer slíkt mat fram árlega.

Niðurstaða fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á mati á áhættuþáttum í starfsemi Arion banka er að Arion banki hf. skuli frá og með 30. júní 2025 viðhalda viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 1,9% af áhættugrunni, sem er hækkun sem nemur 0,1 prósentustigi frá fyrra ári.

Heildareiginfjárkrafa Arion banka, að teknu tilliti til samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka, hækkar sem því nemur og verður því 19,7%.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki: Niðurstöður könnunar- og matsferlis fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands \(SREP\)](#)